

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um sorphirðu og sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og miðast við stærð þeirra íláta og losunartíðni hjá viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>
240 l	14.027 kr.	6.084 kr.
660 l	40.476 kr.	18.624 kr.
1.100 l	66.521 kr.	30.104 kr.

*Grátunna:* losun á 14 daga fresti.

*Blátunna:* losun á 42 daga fresti.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

Íbúðarhúsnæði	16.964 kr.
Frístundahúsnæði	11.199 kr.
Lögbýli	7.466 kr.
Fyrirtæki	14.932 kr.

#### 4. gr.

##### *Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldfrjálst verður á gámastöð fyrir allt að 3 m<sup>3</sup> vikulega. Umframmagn er gjaldskylt á móttökustöð, miðað við m<sup>3</sup> úrgangs sem afsettur er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmar og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> er kr. 4.000.

#### 5. gr.

##### *Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingaverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

#### 6. gr.

##### *Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. nóvember 2013 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 12. desember 2013. Gjaldskráin

Nr. 1257

16. desember 2013

gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1270/2012 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 16. desember 2013.*

**Ingibjörg Harðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2014